

Óræð birta, gagnsæi og efniskennnd vatnsins eru meðal viðfangsefna Guðbjargar Lindar á málverkasýningu sem hún opnar á morgun í listamiðstöðinni Hafnarborg. Súsanna Svavarsdóttir ræddi við Guðbjörgu um árfarvegi og óseyrar, upphaf og endalok.

Málverkið lifir allt af

VIÐFANGSEFNI Guðbjargar Lindar hafa frá upphafi verið tengd vatni; fyrst foss og síðar óræðum og ímynduðum eyjum á haffleti en undanfarin misseri hefur hún unnið áfram með nálægð og efniskennnd vatnsins í verkum sínum. Í dag, laugardag, opnar Guðbjörg sýningu á verkum sínum í Hafnarborg og er þetta fyrsta einkasýningin sem hún heldur frá því árið 1999. Hins vegar hefur hún tekið þátt ísamsýningum og nú síðast sýningunni andrá – moment sem sett var upp á listahátíð 2002 í listasafni ASÍ og í september sama ár í Santiago Compostella á Spáni.

Par sýndi hún verkið Engilfoss, sem einnig er á sýningunni í Hafnarborg. Og var það sérstaklega málað fyrir gotnesku klausturkirkjuna San Domigos de Bonval í Santiago de Compostella, þar sem verkið stóð inni í kórnum Engilfoss er bjart verk og heillandi og þegar Guðbjörg er spurð hvort það hafi ekki sómt sér vel í kór kirkjunnar, segir hún: „Jú, það var tilkomumikið. Fyrir ofan verkið voru mjóir, háir gluggar og birtan sem féll á það var himnesk.“

Efniskennnd vatns og andrúmsloft

Engilfoss er aðeins eitt af verkum sem sýnd eru í Hafnarborg. Öll verk á sýningunni eru máluð á þessu og síðasta ári. Þeir sem hafa fylgst með Guðbjörgu Lind muna eftlast eftir þeim verkum sem áttu sér uppruna á heimilinu, þar sem borð og stólar, diskar,



Guðbjörg Lind

krúsir og kirnur birtust á myndfletinum. Í dag er hún þó komin óravegu út af heimilinu, út í náttúruna þar sem hún leikur sér með vatnið; lifandi vatnið.

„Ég hef unnið mikið með vatni; ár fossa, eyjur, haffleti á seinustu árum. Það er þó fyrst og fremst efniskennnd vatnsins sem ég er að vinna með – og andrúmsloft; með gagnsæi og birtu.“

Þetta eru þó ekki hefðbundnar landslagsmyndir, heldur er ég til dæmis með myndir af farvegum – sem geta verið árfarvegir, en þeir eiga sér ekki endilega fyrirmyndir, heldur eru verkin unnin undir áhrifum frá náttúrunni og geta staðið fyrir árfarvegi yfirleitt. Ég hef líka gert mikið af því að vinna með árósa. Það sem mér finnst skemmtilegt er að þeir fela ekki bara í sér endalok, heldur tákna einnig upphaf einhvers annars og óræðs. Mér finnst endalok áhugaverð, vegna þess að í þeim felst eftirvænting eftir því ókomna og óræða.

Birtan býr í okkur sjálfum

Þótt staðsetning, sjónarhorn og myndefni hafi gerbreyst hjá Guðbjörgu Lind, hefur hún ekki farið svo ýkjálant frá sjálfri sér í litum, þótt vissulega spili birtan stærra hlutverk í verkum hennar í dag, verkin séu dulari og óræðari. Þau fela í sér kyrrð og fjarveru mannsins í dulu og oft óræðu landslagi. Í þeim er fólgin ferð á vit afkima heimsins þar sem maðurinn skynjar hið upphafna í einfaldleikanum sjálfum.

„Hvað liti varðar, segir hún,

„þá mála ég, annars vegar, mjög bjartar myndir og, hins vegar, myndir sem hafa mikla kontrasta og þá verða dökku litirnir mjög áberandi. Þessi sérstaka birta er nokkuð sem við losnum aldrei við hér á Íslandi. Hún er hluti af náttúru okkar og býr því í okkur sjálfum; og fylgir okkur hvert sem er.“

En er ekki málverkið dálítið „úr tísku“ í dag?

„Málverkið er alltaf í gildi. Það er mjög margt að gerast í myndlistinni. Áhugaverð endurvinnsla á flúxus- og popptímabilinu hefur verið áberandi undanfarið og undir þeim merkjum hafa einnig komið fram listamenn sem nota málverkið sem miðil með góðum árangri. En það hafa svo mörg tímabilið gengið yfir í myndlistinni og málverkið lifir allt af – rétt eins og bókin. Það er alltaf verið að spá dauða hinna og þessara listgreina; bókinni og málverkinu hefur svo oft verið spáð dauða. Svo heldur allt áfram að blómstra samhliða.“

Málverkið verður alltaf þarna. Hins vegar mætti kannski vera meiri hvatning hér fyrir myndlistarmenn. Það er mjög lítið um sýningartækifæri hér heima. Það er mun meira um að listamönnum sé boðið að taka þátt í sýningum erlendis. Það væri svo mikil vítaminsprauta fyrir myndlistina ef fólki væri boðið að taka þátt í samsýningum, þar sem er sýningarstjórn sem velur myndlistarmennina saman. Hingað til hafa samsýningar mikið til byggst á því að nokkrir listamenn ákveða sjálfir að sýna og sjá svo að mestu leyti um alla framkvæmd.

Það má segja að listamenn hér séu mjög duglegir við að vera sínir eigin umboðsmenn og herrar og haldi ótrauðir áfram að drifa upp einkasýningar og samsýningar. Það er ein ástæða fyrir því að listin lifir góðu lífi.“